

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 19. tbl. 6. árg. 6. desember

Myndir augnabliksins eru frá kakóstund á leikskólanum Tröllaborgum.



Leikskóladeild Grímseyjarskóla,

Bangsadeild tók til starfa í febrúar 2010. Fram að því hafði ekki verið boðið upp á leikskólavistun í eyjunni.

Í vetur eru fjórir kátir og flottir drengir á Bangsadeild þeir Gabriel Birkir, 5 ára, Jónas, 4 ára, Gylfi Þór, 3 ára og Einar, 2 ára.

Starfsmaður leikskólans er Unnur Ingólfssdóttir.



Bangsadeildin er í einni stofu í grunnskólanum svo reynt er að tengja starfið eftir bestu getu við grunnskólann. Þannig eru leikskóladrengirnir stundum með grunnskólanum í heimilisfræði, íþróttum, sögustund, myndmennt og fleiri tilfallandi tímum. Hefur það gengið mjög vel og allir hafa gaman af. Þess utan eru þeir duglegir að leika úti á leikvellinum, leira, lita, lesa og finna upp á alls kyns leikjum. Ef vel viðrar er kíkt í gönguferðir um eyjuna.

Leikskóladeild Grímseyjarskóla skorar á Smábæ, leikskóladeild Hríseyjarskóla, að segja frá starfinu þar.

Þrjú ráðuneyti sameinast um að styðja netöryggisverkefnið SAFT.

Heimili og skóli – landsamtök foreldra, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjóri og Barnaheill – Save the Children á Íslandi gerðu á dögunum tímamótasamning við þrjú ráðuneyti mennta- og menningarmála, innanríkis- og velferðarmála um stuðning við SAFT verkefnið til ársloka 2014. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi. Markmið SAFT er að reka vakningaráttak og fræðslu um örugga og jákvæða notkun Netsins meðal barna og ungmenna, foreldra, kennara, fjölmiðla og þeirra sem starfa við upplýsingatækni. Barist er gegn ólöglegu efni á Netinu og börnum og ungmennum veitt aðstoð í gegnum hjálparlínu. Mikið er lagt upp úr samstarfi við Norðurlöndin og jafnframt er verkefnið hluti af netöryggisáætlun Evrópusambandsins sem nær til allra landa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sjá nánar á: <http://www.heimiliogskoli.is/>

Þróunarverkefni í Lundarseli, Pálmholti og Lundarskóla.

Leikum og lærum saman er þróunarverkefni sem leikskólarnir Flúðir, Lundarsel og Pálmholt ásamt Lundarskóla eru að vinna saman. Verkefnið snýst um að skapa aukna samfellu milli leik- og grunnskóla og stendur yfir í 20 mánuði. Aðalmarkmiðin með þróunarverkefninu eru að auðvelda leikskólabörnum flutning yfir í grunnskólann, að börnin kynnist innbyrðis og að vináttu sem myndaðist í leikskóla glattist ekki. Einnig er unnið að því að samræma kennsluáðferðir þannig að meiri samfella verði í námi barnanna. Það má segja að þróunarverkefnið sé tvíþætt. Undanfárin ár hafa skólarnir fjórir verið að byggja upp samstarf milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar með heimsóknum skóla á milli. Skólarnir hafa einnig verið að byggja upp samstarf milli elstu barna leikskólans og 6. bekkjar og þegar leikskólabörnin byrja í 1. bekk eiga þau „vin“ í 7. bekk (sem þau hittu þegar þau voru í leikskóla og grunnskólabörnin í 6. bekk). Þetta samstarf er annar hluti þróunarverkefnisins. Hinn hluti þróunarverkefnisins eru þemaverkefni, milli elsta árgangs leikskólanna og 1. bekkjar, þrjú talsins. Í þemaverkefninum vinna skólarnir með eina sögu/bók hverju sinni, bæði hver í sínu lagi og saman. Fyrsta þemaverkefnið var í október 2011, annað þemaverkefnið var í mars 2012 og þriðja og síðasta þemaverkefnið verður næsta haust.

Sjá nánar á: <http://www.lundarsel.akureyri.is/Forsidan/trouunarverkefni%20laerum%20saman/laerum%20saman%20fyrsta%20sida.htm>

Jólatónleikar Tónlistarskólans.

Í Tónlistarskólanum á Akureyri er mikið um tónleikahald en auk blandaðra tónleika og stærri viðburða halda hljóðfærahóparnir jólatónleika. Fyrstu jólatónleikar vetrarins voru í Hömrum mánudaginn 3. desember. Það voru blásaranemendur sem hófu jólatónleikaveisluna þetta árið. Miðvikudaginn 5. desember voru tónleikar píanóemenda. Rytmíska deildin heldur jólatónleika sína mánudaginn 10. desember kl.18 í Hömrum. Efnisskráin er gríðarlega fjölbreytt: söngur og hljóðfæraleikur, einleikara og samspilshópa.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Áherslur úr skólustefnu Akureyrarbæjar. Smá upprifjun.

Viðmið um gæði

Markmið: Skólar Akureyrarbæjar séu eftirsóttir vinnustaðir fyrir starfsfólk sem hefur gæði skólastarfsins að leiðarljósi. Starfsfólk njóti tækifæra til að auka þekkingu sína og starfsþroska.

Í góðum skóla...

- er skýr starfsmannastefna
- eru skýrar starfslýsingar fyrir kennara og annað starfsfólk
- er öflugt samstarf og upplýsingarflæði milli starfsfólks
- er árlega mótuð endurmenntunarstefna á grundvelli faglegra áherslna skólans og starfsfólks
- er til áætlun um stuðning og leiðsögn við nýja kennara og henni fylgt eftir
- er starfsfólki ætlaður tími til undirbúnings og samvinnu
- ríkir faglegur metnaður meðal kennara og annars starfsfólks
- eru miklar væntingar gerðar til kennara og annars starfsfólks
- á starfsfólk reglulega kost á starfsmanna-samtali

Jólavefur Námsgagnastofnunar.

Ýmis konar fróðleik má finna á jólavefnum, jólasögur, jóladagatal og fl. Á jóladagatalinu má lesa um krakka sem verða að leysa ýmsar stærðfræðiþrautir til að sleppa úr klóm Grýlu. Þrautir eru fyrir hvern dag og lausnirnar eru á læstu svæði kennara undir flokknum Stærðfræði.



Sjá nánar á: http://vefir.nams.is/jolavefur_2010/index.html

Afmælissýning á Amtsbókasafninu.

Þriðjudaginn 4. desember var opnuð sýning á Amtsbókasafninu á afmæliskortum sem send voru í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar

Fjölmarginir einstaklingar, fyrirtæki, félög, hópar og samtök hafa sent Akureyri afmæliskort og mörg þeirra eru gerð af frumleika og listfengi og því við hæfi að setja upp sýningu með þessum skemmtilegu afmæliskveðjum. Enn er opið fyrir kveðjur og því ekki of seint að vera með í sögulegri sýningu.



Jólafondur og undirbúningur jóla.

Skemmtilegt er að fylgjast með á heimasíðum skólanna og sjá hvað nemendur eru að gera. Heilmikið er um að vera, jólafondur, kakóferðir, Litlu jól og ýmislegt skemmtilegt sem brýtur upp hina hefðbundnu stundarskrá. En fyrst og fremst er verið að njóta tímans fram að jólum í rólegheitum.



Meira af sameiningu leikskóla - Pálmholt/Flúðir og Holtakot/Síðusel.

Úr fundargerð skólanefndar frá 19. nóvember.

Tillögur að nýjum nöfnum á sameinaða leikskóla á Flúðum/Pálmholti og Holtakoti/Síðuseli.

Erindi bárust frá skólastjórum Flúða/Pálmholts og Holtakots/Síðusels með tillögum að nöfnum á sameinaða leikskóla. Nafnanefnd Akureyrarkaupstaðar hefur lýst yfir samþykki sínu með nöfnin sem gerð er tillaga um.

Skólanefnd samþykkir samhljóða að nafn á sameinaðan leikskóla Pálmholts og Flúða verði Pálmholt.

Jafnframt samþykkir skólanefnd samhljóða að nafn á sameinaðan leikskóla Holtakots og Síðusels verði Hulduheimar eins og greint var frá í síðasta tölublaði. Skólanefnd þakkar öllum þeim aðilum sem að málinu komu.

Öðruvísi dagar í Síðuskóla.

Það voru skrautlegir nemendur sem komu í skólann í öðruvísi vikunni.

Sjá mátti flottar grimur og glæsileg spariföt. Höfuðfatadaginn nýttu margir til að hafa húfurnar sínar innandyrar og á jóla-rauða deginum mátti sjá rauða litinn hvert sem lítið var.

